



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Leigusamningur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602 - 4410, hér eftir nefndur leigusali og Eyþór Brynjólfsson kt. 151056-2969, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér svohljóðandi leigusamning:

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka Sundlaugina Neslaug við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi ásamt því sem fylgja ber :

Um ræðir fasteignina Neslaug fastanr 224-3931 landnr 186777. Eignin samanstendur af sundlaug 100 m² og búningsklefum og geymslum samtals 413 m² eða 1.755 m³, auk lóðar 2.000 m².

Auk framangreindrar eignar tekur leigutaki búnað og áhöld á leigu samkvæmt lista (fylgiskjal nr 1) er fylgi samningi þessum og er samþykktur af leigutaka og leigusala.

2. gr.

Samningur þessi tekur gildi þann 1. janúar 2017 og gildir til 31. desember 2017. Samningurinn er uppsejanlegur að beggja hálfu með 3 mánaða fyrirvara.

3. gr.

Greiðsla leigusala til leigutaka fyrir rekstur Sundlaugarinnar Neslaug við Árnesi skal vera kr. 400.000 á mánuði á tímabilinu. Greiðslur breytast ekki á leigutímanum

4. gr.

Aðgangseyrir gesta rennur óskiptur til leigutaka.

5. gr.

Starfmannahald við Neslaug verður alfarið á kostnað leigutaka og í hans umsjón. Skal starfsfólk uppfylla almennar kröfur sem til þess eru gerðar.

6. gr.

Leigutaki skal heimila og annast gæslu við skólasund í Neslaug á tímabilinu án aukagreiðslu. Fari það eftir framlagðri stundarskrá skólastjóra Þjórsárskóla

7. gr.

Leigutaka ber að uppfylla lágmarkskröfur leigusala um opnumartíma á tímabilinu samkvæmt fylgiskjali nr 2. með samningi þessum.

8.gr.

Leigusali greiðir rafmagn, heitt og kalt vatn, Leigutaki greiðir fyrir klór og aðrar rekstrarvörur sem nota þarf við reksturinn á tímabilinu.

Bls. 1 af 3

BB EB



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

9.gr.

Neslaug við Árnes er leigð leigutaka til reksturs sundlaugar. Ónnur starfsemi er óheimil nema með samþykki leigusala.

Leigutaka er skylt að fara vel með hina leigðu eign og tilheyrandi svæði. Skylt er honum að bæta að fullu skemmdir er orsakast kunna af vanrækslu eða yfirsjón hans eða fólks á hans vegum.

Leigutaki skal annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu. Leigutaki sér einnig um viðhald sem kemur til af völdum hans, starfsfólks hans, eða annarra sem hann hefur leyft aðgang að húsnæðinu eða umgang. Leigusali sér um allt venjulegt viðhald utanhúss. Leigusali annast viðgerðir á gluggum, hreinlætistækjum og öðru því sem fylgir eigninni ef leigutaki sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar leigutaka eða fólks á hans vegum.

Leigutaka ber að leita til leigusala með viðhaldsverkefni sem koma upp á hverjum tíma og eru í skyldum leigusala að sjá um.

Að öðru leyti en hér að framan greinir varðandi viðhald á leigðri eign, skal fara eftir IV. kafla Húsaleigulaga 1994 nr. 36.

Öll viðhaldsverkefni á eigninni skulu borin undir sveitarstjóra eða oddvita til samþykktar, sé það ekki gert ber leigutaki sjálfur kostnað vegna verksins.

10. gr.

Leigutaka er óheimilt að endurleiga fasteignina nema að fengnu samþykki leigusala. Leigutaki hefur heimild til að merkja húsnæðið að utanverðu í samráði við leigusala.

11. gr.

Við lok leigutíma er leigutaka skylt að skila hinni leigðu fasteign að öllu leyti í góðu ástandi að öðru leyti en því sem telst slit af eðlilegri notkun og venjulegri umgengni.

12.gr.

Leigutaki annast umsjón Skeiðalaugar frá 1. Janúar – 31.mars 2017 án aukagreiðslu.

13 . gr.

Þar sem ákvæði samnings þessa ná ekki til skulu gilda ákvæði laga nr. 36 1994, húsaleigulög.

14. gr.

Rísi mál af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.
Samningur þessi er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Bls. 2 af 3

A handwritten signature in blue ink, appearing to be "Q.B.", is written over the bottom right corner of the page. Above the signature, the text "Bls. 2 af 3" is printed.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Árnesi 31. október 2016.



Sveifarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahreppur

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Eyþór Brynjólfsson

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Kristján H. Gustaf. 2912503519

Nafn Kennitala

Óðórgin Skálfur Brynjólfsson 230860 4839

Nafn Kennitala

Fylgiskjal nr.1)

Leigubúnaður og áhöld til leigutaka árið 2017.

Þvottavél – Ryksuga – Örbylgjuofn – Sjóðsvél – Kaffikanna – Ísskápur – Símtæki
Útvarp – Vatnsryksuga fyrir laugina – klórmælingatæki – klórtöflur – Hitablásari
Ruslatunnur – Klukkur – Teketill -

Hjartastuðtæki – Súrefnistaska – Björgunarsveigur – Sjúkrabörur – Sjúkrakassi.

Frauðleikföng – Leikföng – Sólbekkir 3 stk. – Sólstólar 5 stk. Handakútar -
Handklæði/sundföt til leigu. 10 miða og 20 miða afsláttarkort.

Sundgleraugu (13 stk.)

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "E.B." followed by a stylized surname.

Fylgiskjal 2)

Opnunartímar í Neslaug árið 2017.

janúar + febrúar + mars: miðvikudaga kl.18-22.

Laugardaga kl.13-18.

Opnunartímar í apríl + maí skoðast með tilliti af opnun Skeiðalaugar, en óþarfir að hafa báðar laugar opnar á sama tíma.

Opnun í : júní + júlí + ágúst.

Mánudaga – fimmtudaga: kl 14:00 – 22:00.

Föstudaga: kl. 14:00 – 19:00

Laugardaga – sunnudaga : kl. 10:00 – 19:00

September + Október: Miðvikudaga kl. 18-22.

Laugardaga kl. 13-18.

Sunnudaga kl. 13-18.

Nóvember + Desember: Miðvikudaga kl. 18-22.

Laugardaga kl.13-18.

